MARKAÐSSTOFA HÖFUÐBORGAR-SVÆÐISINS
VISIT REYKJAVÍK

30. fundur stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Haldinn á TEAMS, föstudagur, 4.júlí 2025, kl. 08.45-10.15

Fundinn sátu:
Sævar Birgisson, Eva Jósteinsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Elísabet Sveinsdóttir, Jakob Einar Jakobsson, Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, og Inga Hlín Pálsdóttir (frkvstj).

Fjarverandi: Rannveig Grétarsdóttir
Fundargerð ritaði: Inga Hlín Pálsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð 29. fundar 20. maí 2025
   Samþykkt en undirrituð á næsta fundi.
2. Yfirlit yfir stöðu og rekstur
   Farið var yfir stöðu og rekstur verkefna og þá sérstaklega drög að nýjum samningi við sveitarfélögin. Sagt var m.a. frá því að það markaðsstarf sem búið er að vinna á vormánuðum með 9 áhrifavöldum sem samtals ná til yfir 4 milljóna hefur nú skilað 10 milljónum "views" og inn í því er ekki "story" en þá bætast við nokkrar milljónir. Vefurinn og samfélagsmiðlar eru í góðum farvegi. Komin er út skýrsla um Ferðakjarnana og samantekt. Hagaðilasamtöl í ferðakjörnum ganga vel en Gamla höfnin & Grandinn er lokið en vinnuhópur heldur áfram vinnu í haust, Hafnarfjörður er einnig búinn og skýrsla á leiðinni. Unnið er að stefnunni fyrir skemmtiferðaskipin og verður til umræðu í vinnuhópi í haust. Umræða varð um tjaldsvæði og þá samantekt sem var gerð hvort ætti ekki að kynna þetta innan sveitarfélaganna líka og verður það gert en ekki aðeins fyrir svæðisskipulagsráði. Minnt á að koma útumallt.is betur á framfæri hjá sveitarfélögunum og fá þau til þess að taka þátt í að deila.
3. Vinnufundur stjórnar
   Farið var yfir samantektinga frá vinnufundi stjórnar og ánægja með samantektina.
4. Áfangastaðaáætlun
   Uppfærð á áfangastaðaáætlun á árinu 2025 samþykkt. Eina breytingin sem gerð var er uppfærsla á framkvæmdaverkefnum sveitarfélaganna.
5. Ársskýrsla 2024
   Samþykkt.
6. Drög að starfs- og fjárhagsáætlun 2026
   Kynnt var starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2026. Litlar breytingar eru á fjárhagsáætlun en ný verkefni kynnt til sögunnar. Starfs- og fjárhagsáætlun var samþykkt og verður kynnt á aðalfundi í september.
7. Hugmyndavinna varðandi markaðssetninguna
   Kynnt var hugmyndavinna sem búið er verið að vinna með fyriritækinu Kakkalökkum. Hugmyndavinnan féll í góðan jarðveg og verður það nú unnið áfram og kynnt á aðalfundi og Ferðamálaþingi í haust.
8. Önnur mál
   Engin önnur mál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10.30.